

Barnið leit upp með dökkum barnslegum augum, horfði fyrst á andlit greifans, tók síðan mögru barnshandleggjunum sínum litlu utan um háls greifanum, en um leið hvíslaði veika barnströddin hans nokkrum orðum að greifanum.

“Já, hérna ertu aftur heima hjá þér,” sagði Gustaf Adolf, sem hafði lært nokkuð í pólsku af þjónum sínum. Hann setti barnið á kné sér og lagði hönd sína hlýlega á koll drengsins. — —

Þrír dagar eru liðnir síðan þetta bylkvöld. Endalausir snjóflákar og trén hvít og ljómandi af hrími breiddu sig fyrir framan gluggana á Proczna.

Dynar greifi stóð við glugga einn á höllinni og lorfði hugsandi niður í hallargarðinn og um jörðina Kringum höllina leika vínviðargreinar fyrir blænum. Rauðleitt skin á vesturhimninum sýnir, að sólin sé hnigin til viðar; hinir síðustu geislar hennar kasta bleiku skini á snjóhvítu trjákrónurnar og rauðum röndum á turninn í Proczna, eins og von, sem litar fölar kinnar.

Einnig yfir hina alvarlegu drætti á andliti hallarhöfðingjans flýgur ofurlítið skin og varir hans bæra sig til að brosa nærri því óafvitandi og það í fyrsta skifti í langan tíma.

Frá stofunni á bak við, þar sem litla greifa-innan bjó, hljómaði skær og unaðsfullur söngur, sem þegar hafði fjórðung stundar ómað sín óþektu, undarlegu lög.

Það var hún Jadwiga, pólska uppreistarstúlkan, sem reri áfram með litlu dóttur þýzka ríkisgreifans við brjóst sitt og söng fyrir hana hin eldheitu lög ættlands síns, full af sorg og full af þrautum.

Jadwiga var stórskorin stúlka og fremur lagleg, með svört augu og var eins og eldur brynni úr þeim, en hispurslaus og ákaflynd var hún í allri framkomu